



Viðtakandi:

Sendandi: Forseti borgarstjórnar

Reykjavík, 5. maí 2026

MSS25030107

MINNISBLAÐ

Samantekt á reglulegu samtali forsætisnefndar Reykjavíkurborgar við verkalýðshreyfinguna

Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um lífsgæði í Reykjavík frá febrúar 2025 er kveðið á um að formgera reglulegt samtal við verkalýðshreyfinguna á vettvangi borgarinnar. Hér eftir verður vísað til ofangreindra flokka sem samstarfsflokka.

Eftirfarandi er samantekt á því verklagi og samtali sem hefur átt sér stað við verkalýðshreyfinguna á vettvangi forsætisnefndar Reykjavíkurborgar frá mars 2025 til maí 2026.

Tilhögun samtalsins

Fyrsta aðgerðaáætlun samstarfsflokka var samþykkt í borgarstjórn þann 4. mars 2025. Þar var samþykkt að fela forsætisnefnd að formgera reglulegt samtal við verkalýðshreyfinguna á vettvangi borgarinnar.

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar. Allir flokkar sem eiga sæti í borgarstjórn eiga fulltrúa í forsætisnefnd og var nefndin því talin viðeigandi vettvangur fyrir reglulegt samtal borgarstjórnar við verkalýðshreyfinguna.

Í undirbúningnum að útfærslu þessa samtals hélt forseti borgarstjórnar samráðsfund með verkalýðshreyfingunni þann 2. maí 2025 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fjöldmörgum fulltrúum verkalýðs- og stéttarfélaganna var boðið. Viðstödd voru Sanna Magdalena Mörtudóttir, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir (Viska), Eyrún Björk Valsdóttir (ASÍ), Halla Gunnarsdóttir (VR), Haraldur F. Gíslason (Félag leikskólakennara), Jakobína Þórðardóttir (Sameyki), Laufey Elísabet Gissurardóttir (Þroskaþjálfafélag Íslands), Mjöll Matthíasdóttir (Félag grunnskólakennara), Sandra B. Franks (Sjúkraliðafélag Íslands), Sonja Ýr Þorbergsdóttir (BSRB), Suzana Vranjes (Sameyki), Þorkell Heiðarsson (Félag íslenskra náttúrufræðinga) og Þóra Leósdóttir (Iðjuþjálfarafélag Íslands). Starfsmenn Reykjavíkurborgar, þau Ívar Vincent Smárason og Ólöf Magnúsdóttir, sem ritaði minnispunkta, sátu fundinn.



Reykjavík



Á samráðsfundinum var kallað eftir því hvernig félög myndu vilja sjá reglubundið samtal við Reykjavíkurborg þróast. Gagnlegar ábendingar komu fram sem og ánægjulegt samtal þar sem hægt var að heyra hvað skipti félögin mestu máli. Þá var einnig nefnt hversu jákvætt væri að þessi félög hittust saman. Á samráðsfundinum var fjallað um mikilvægi þess að tala um húsnæðismál, velferð, málefni barna og barnafjölskyldna, Reykjavíkurborg sem starfsstað og stöðu ólíkra hópa í samfélaginu.

Fjallað var um mikilvægi þess að skapa vettvang til að ræða hlutina pólitískt en samtal stéttarféлага við borgina hefur oft einkennst af því að verið sé að nálgast hana sem viðsemjanda og því væri þörf á víðara samtali. Þá var einnig fjallað um keðjuábyrgð og afleiðingar útvistunar.

Samráðsfundurinn var liður í því að móta áherslur fyrir samtalið og síðan var skerpt á því enn frekar eftir fund í Höfða sem borgarstjóri boðaði til þar sem fulltrúar heildarsamtaka launafólks fengu einnig boð og farið var yfir drög að áætlun með forseta borgarstjórnar. Þá fór einnig fram umræða um fyrirkomulag samtalsins innan forsætisnefndar.

Úr varð að ákveðið var að leitast við að taka fyrir ákveðin þemu til umræðu á fundum forsætisnefndar með áherslu á meðal annars húsnæðismál, málefni barna og fjölskyldna, Reykjavíkurborg sem vinnustað, atvinnu- og nýsköpun, innkaupamál, lýðræðismál og stöðu íbúa af erlendum uppruna.

Verkætlun vegna samtalsins við verkalyðshreyfinguna var lögð fram á fundi forsætisnefndar þann 12. september 2025 þar sem nánar var kveðið á um fyrirkomulagið.

Fulltrúum verkalyðs- og stéttarféлага var boðið á fund forsætisnefndar þar sem fjallað var um ólík þemu út frá þeirra áherslum og sjónarmiðum.

Formenn fagraða Reykjavíkurborgar fengu sérstakt boð á þá fundi sem fjölluðu um þeirra málefnasvið og borgarfulltrúum og fyrstu varaborgarfulltrúum var boðið að hlusta á kynningarnar í gegnum fjarfundarbúnað.

Forsætisnefnd hefur átt í samtali við fulltrúa frá Vörðu – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, Alþýðusambandi Íslands, BSRB, BHM, Eflingu, Sameyki og VR.

Samtal við Vörðu, ASÍ, BSRB, BHM, Eflingu, Sameyki og VR

Staða og lífsskilyrði fólks sem starfar við ræstingar var til umræðu á fundi forsætisnefndar 28. mars 2025. Þá fór fram kynning á skýrslu Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, um stöðu og lífsskilyrði fólks sem starfar við ræstingar, dags. september 2023. Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu tók sæti á fundinum undir þessum lið. Skýrsla um stöðu og lífsskilyrði fólks sem starfar við ræstingar er aðgengileg á vef borgarinnar sem og kynning Vörðu.



Varða var stofnuð árið 2020 af Alþýðusambandi Íslands og BSRB og sinnir fjölbreyttum rannsóknum er varða lífskjör fólks í víðu samhengi. Hefur Varða m.a. kannað stöðu launafólks, þar með talið stöðu og lífsskilyrði þeirra sem starfa við ræstingar.

Umræða skapaðist í forsætisnefnd um erfiða stöðu þessa hóps. Í því samhengi er mikilvægt að skoða aðkomu borgarinnar að þessum málaflokki, bæði sem vinnuveitanda og sem opinbers stjórnvalds.

Minnisblað Alþýðusambands Íslands, dags. júní 2025, varðandi rýni á atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar var lagt fram á fundi forsætisnefndar 26. september 2025. Þar voru borgarfulltrúar m.a. fræddir um „gigg“-hagkerfið og réttleysi launafólks í því samhengi. Var m.a. fjallað um birtingarmyndir þess í nútímasamfélagi.

Jafnréttismál út frá sjónarhorni tveggja heildarsamtaka launafólks voru til umræðu á fundi forsætisnefndar 14. nóvember 2025. Formenn BSRB og BHM, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir, mættu fyrir hönd félaganna. Kynning BSRB er aðgengileg öllum á vef Reykjavíkurborgar í gegnum fundargerð. Þar var meðal annars fjallað um kröfur kvennaárs, menntun og umönnun ungra barna og stöðu kvenna af erlendum uppruna.

Útvistun og keðjuábyrgð út frá sjónarhorni Eflingar voru til umræðu á fundi forsætisnefndar 9. janúar 2026. Þá mættu Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar og Viðar Þorsteinsson frá Eflingu og fræddu borgarfulltrúa um útvistun og keðjuábyrgð og fyrir liggur ítarlegt minnisblað Eflingar og Starfsgreinasambands Íslands um tillögur sem snúa að hinu opinbera sem verkkaupa í ræstingum.

Fulltrúar samstarfsflokkanna í forsætisnefnd lýstu yfir áhyggjum af þróun ræstingastarfa þar sem aukin áhersla á afköst og verðsamkeppni hefur leitt til meiri vinnuhraða og aukins álags á starfsfólk, með slæmum áhrifum á aðbúnað og heilsu. Fulltrúarnir telja mikilvægt að opinber útboð styðji við raunhæf og sjálfbær vinnuskilyrði og að ekki sé skapaður hvati til óraunhæfra tilboða sem byggja á óhóflegu álagi. Fulltrúar samstarfsflokkanna í forsætisnefnd telja að Reykjavíkurborg eigi að taka forystu í ábyrgum opinberum innkaupum og endurskoða útvistun í ræstingu til þess að stuðla að betri vinnuskilyrðum fyrir starfsfólk. Í því skyni var nefnt að líta mætti til ýmissa þátta líkt og uppmælinga og innvistar.

Vernd starfskjara starfsfólks í almenningssamgöngum við útboð var rædd á fundi forsætisnefndar 27. febrúar 2026 þegar Kári Sigurðsson formaður Sameykis og Ívar Örn Ívarsson frá Sameyki settu slíkt í samhengi við stöðuna á öðrum Norðurlöndum. Minnisblað var lagt fram á fundinum sem fjallar um Ísland í norrænum samanburði í þessum málefnum.



Loks fór fram umræða um aðstæður barnafólks út frá sjónarhorni félagsfólks í VR á fundi forsætisnefndar þann 17. apríl 2026. Halla Gunnarsdóttir formaður VR og Karitas Ríkarðsdóttir frá VR tóku þátt í umræðunum á þeim fundi.

Borgarstjóri Heiða Björg Hilmisdóttir bauð til lokahófs á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og verkalyðshreyfingarinnar í Höfða fimmtudaginn 19. mars þar sem öllum sem höfðu komið að verkefninu sem og öllum borgarfulltrúum var boðið. Þar var farið yfir vinnuna sem hafði átt sér stað.

Lokaorð

Til að bregðast við því sem hefur komið fram í samtalinu má nefna tillögu sem stendur til að leggja fram í borgarráði 7. maí 2026um að hefja endurskoðun á fyrirkomulagi ræstinga í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. Borgartúni 12-14, Tjarnargötu 12 og í Ráðhúsi. Þar er kveðið á um að fyrsta skrefið í því sé að útbúa þarfagreiningu þar sem kerfisbundið skuli farið yfir allar verklýsingar þrifa, ræstingapörf og réttur vinnutímajöföldi við ræstingar áætlaður. Jafnframt verður metinn heildarkostnaður á grundvelli raunhæfra forsenda, þar á meðal með hliðsjón af kröfum við sanngjarnar og félagslega ábyrgar vinnuaðstæður. Greiningin skal vera unnin í samræmi við innkaupareglur og innkaupastefnu borgarinnar. Þegar niðurstöður úttektaraðila liggja fyrir verða gögnin lögð fyrir borgarráð ásamt upplýsingum um núverandi fyrirkomulag til samanburðar, í þeim tilgangi að meta hvort haldið verði áfram með útboðsferli fyrir ræstingu stjórnarsýsluhúsanna eða að Reykjavíkurborg ráði sjálf inn starfsfólk til þess að annast ræstinguna.

Samtalið innan forsætisnefndar hefur verið gagnlegt og veitt borgarfulltrúum veigamikla innsýn í málefni sem eru á borði borgarinnar. Góður tími var gefinn í umræður þar sem borgarfulltrúar gátu öðlast dýpri skilning á fjölbreyttum málefnum. Um er að ræða nýja leið þar sem beint samtal hefur átt sér stað við verkalyðshreyfinguna um það sem fulltrúar hreyfingarinnar leggja mesta áherslu á. Mælt er til þess að slíkt samtal haldi áfram innan Reykjavíkurborgar.

Þá er einnig vert að nefna að samtalið við verkalyðshreyfinguna hefur farið víða fram innan borgarinnar og má þar meðal annars nefna samþykktu tillögu frá núverandi formanni innkauparáðs, Andreu Helgudóttur, um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis. Þar var samþykkt að koma á fót samráðs- og samvinnuvettvangi með verkalyðshreyfingunni til að vinna saman gegn því að brotið sé gegn starfsfólki þeirra fyrirtækja sem Reykjavíkurborg kaupir þjónustu af, undirverktaka þeirra eða annarra í virðiskeðjunni.

Hlutverk starfshópsins snéri að því að efla reglubundið samtal, miðla upplýsingum og auka samvinnu sem stuðlar að betra eftirliti með því að launafólk sé ekki hlunnfarið í viðskiptum Reykjavíkurborgar.



Öllum þeim er hafa tekið þátt í að efla samtali Reykjavíkurborgar við verkalyðshreyfinguna er kærlega þakkað fyrir sitt framlag. Þá þakka ég verkalyðshreyfingunni sérstaklega fyrir.

Virðingarfyllt,
Sanna Magdalena Mörtudóttir
forseti borgarstjórnar